



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 135/2233
komudagur 15.4.2008

Alþingi
viðskiptanefnd
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.04.2008
Tilv. 2008/0040
SÖG

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 476. mál

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis Alþingis frá 9.apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, 476. mál.

Félagið gerir ekki að svo stöddu athugasemd við efni frumvarpsins, en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum komi til breytinga á frumvarpinu í meðförum Alþingis sem varðar hagsmuni félagsins.

Virðingarfyllt


Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/2254
komudagur 16.4.2008

14. apríl 2008
Tilvísun: 2008040047


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 9. apríl sl., þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 476. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efnisatriði þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jonas Fr. Jónsson


Arni Huldur Sveinbjörnsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2347
komudagur 25.4.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23.04.2008
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarps til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 476. mál.

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar frá 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallarinnar um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 476. mál, viðskipti með verðbréf í erlendri mynt.

Kauphöllin fagnar framkominni breytingu á lögnum og telur breytinguna mikilvægt framþróunarskref fyrir verðbréfamarkaðinn á Íslandi.

Virðingarfyllst,


Arnína S.K.
Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

The Nordic Exchange

KAUPHÖLL ÍSLANDS ICELAND STOCK EXCHANGE. Laugavegur 182. IS- 105 Reykjavík. ICELAND. Sími/Tel. +354 525 2800. Fax +354 525 2888.
Kt./Id.no 681298-2829. www.omxgroup.com

EFFICIENT SECURITIES TRANSACTIONS

Alþingi
Erindi nr. P 135/2369
komudagur 28.4.2008



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25.04.2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. 476. mál.

Fyrir liggur að annmarkar hafa verið taldir á því að Verðbréfaskráning Íslands gæti tekið á skrá hjá sér hlutabréf í íslenskum hlutafélagum sem skráð eru í erlendum gjaldmiðli. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er þó ekkert því til fyrirstöðu að skrá megi hlutabréf í erlendum gjaldmiðli í íslenski verðbréfamiðstöð, enda gera hlutafélagalög nr. 2/1995 ráð fyrir að ákvörðun um þetta efni sé á valdi hluthafafunda. Í öðrum lögum er heldur ekki að finna takmarkanir á því í hvaða gjaldmiðli skuldabréf eða önnur verðbréf skuli gefin út. Þá er í lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa heldur ekki að finna ákvæði sem takmarka skráningu verðbréfa í íslenski verðbréfamiðstöð við ákveðinn gjaldmiðil. Nefnd viðskiptaráðherra sem fór yfir lagaákvæði er varða uppgjör innlends hlutafjár sem skráð er í erlendri mynt komst að þeirri niðurstöðu að það væru ekki annmarkar við skráningu sem yllu vanda hvað varðar viðskipti með verðbréf í erlendum gjaldmiðli heldur hvar og hvernig peningalegt uppgjör slíkra viðskipta skyldi fara fram. Væri í raun engin ákvæði að finna í íslenski löggjöf um uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt og fæli þetta í sér óvissu og tafir á framkvæmd.

Í samræmi við þetta felur frumvarpið í sér breytingu á 15. gr. laganna til að tryggja að peningalegt uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum í íslenski verðbréfamiðstöð geti óhindrað farið fram með því að verðbréfamiðstöð hafi milligöngu um uppgjör slíkra verðbréfa.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að engar hömlur séu lagðar á skráningu og viðskipti með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum í erlendri mynt eða önnur verðbréf í erlendri mynt og þurfa lagareglur um slík viðskipti að vera skýrar og ótvíræðar. Mæla samtökin því með að frumvarpið verði lögfest.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

Til nefndasviðs Alþingis, viðskiptanefndar

Frá Samtökum fjárfesta

Alþingi
Erindi nr. P 135/ 2286
komudagur 18.4. 2008

Pingmál 476

Samtök fjárfesta hafa kynnt sér frumvarp til laga um breyting á lögum nr 131/ 1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Frumvarpið virðist samið að bestu manna yfirsýn og ráði og Samtökin gera ekki athugasemdir.

Með vinsemd og virðingu,
Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri
GSM 895 6280

Alþingi
Erindi nr. P 135/2370
komudagur 28.4.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 22. apríl 2008

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um rafræna eignaskráningur verðbréfa (476. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um rafræna eignaskráningur verðbréfa. Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 135/2304
komudagur 21.4.2008

18. apríl 2008
SI-40337

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. apríl 2008 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 476. mál, viðskipti með verðbréf í erlendri mynt.

Til að eyða sem fyrst óvissu um það hvaða reglur gilda um uppgjör íslenskra verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt eru í frumvarpinu gerðar tillögur um þær lágmarksbreytingar á 15. gr. laga nr. 131/1997 sem gera þarf til þess að tryggt sé að tilhögun uppgjörs á slíkum viðskiptum uppfylli ströngustu íslenskar og alþjóðlegar kröfur um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslukerfa og jafnframt að sá aðili sem vera skal bakhjarl endanlegs greiðsluuppgjörs hafi öruggan aðgang að fjármunum í skráningargjaldmiðli verðbréfanna sem um er að ræða hverju sinni.

Seðlabanki Íslands átti fulltrúa í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið og styður því samþykkt þess.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2371
komudagur 28.4.2008



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa (476. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til tvær efnislegar breytingar á 15. gr. laganna.

Viðskiptaráð fagnar frumvarpi þessu enda er í því falin mikilvæg skýring á því hvaða aðilar hafa heimild til að sinna efdalokum greiðslufyrirmæla vegna viðskipta með rafrélf. Frumvarp þetta hefði þó þurft að koma mun fyrir fram á sjónarsviðið enda hefur legið fyrir heimild í hlutafélagalögum til að umbreyta mynt hlutabréfa allt frá árinu 2002. Löggjafinn sá fyrir þessa þróun á þeim tíma en það virðist hafa fallið á milli skips og bryggju að koma á frekari lagabreytingum til að sá lagabókstafur gæti verið nýttur sem skildi.

Þrátt fyrir almenna ánægju með frumvarpið gerir Viðskiptaráð nokkrar athugasemdir við efnistöð þess:

Fyrir það fyrsta er það mat Viðskiptaráðs að engin haldbær rök liggja til stuðnings einkarétti Seðlabankans að annast efdalok greiðslufyrirmæla vegna viðskipta með rafrélf í íslenskum krónum. Þessi einkaréttur er hvorki rökstuddur í greinargerð frumvarpsins né í tillögum nefndar viðskiptaráðherra frá 19. desember 2007. Um efdalok greiðslufyrirmæla eiga að gilda sömu reglur óháð þeirri mynt sem um ræðir og þannig ætti verðbréfamiðstöðvum hér á landi að vera gert kleift að annast öll efdalok.

Viðskiptaráð leggur til að verðbréfamiðstöðvum verði einnig heimilt að annast efdalok greiðslufyrirmæla vegna viðskipta með rafrélf í íslenskum krónum.

Í annan stað er að finna skörun milli laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum nr. 90 frá 1999, nánar tiltekið 3. gr., og 1. mgr. b. liðar 1. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt 3. gr. fyrrnefndra laga gerir Seðlabankinn tillögu til ráðherra um greiðslukerfi sem hann telur fullnægja ákvæðum þessara laga og viðurkennt skal að fenginni umsókn þeirra aðila sem starfrækja greiðslukerfi hér á landi. Samkvæmt 1. mgr. b. lið 1. gr. frumvarpsins skal hins vegar viðkomandi verðbréfamiðstöð semja um uppgjörskerfi sem er svo samþykkt af FME að fenginni umsögn Seðlabankans. Það liggur fyrir að ef Seðlabankinn lýsir sig andsnúinn tilteknu uppgjörskerfi í umsögn sinni þá mun hann ekki gera áðurgreinda tillögu til ráðherra og uppgjörskerfið mun ekki vera birt í Lögbirtingarblaðinu og þ.a.l. ekki tilkynnt til ESA eins og skylda ber til skv. tilskipun ESB um efnidir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbrélf og greiðslur í fjármálaviðskiptum. Seðlabankinn hefur því *de facto* neitunarvald á viðkomandi uppgjörskerfi þó frumvarp þetta beri einungis með sér umsagnarétt. Hér þarf að bæta úr og leggur Viðskiptaráð til að áðurnefndri 3. gr. verði breytt hið fyrsta eftir að frumvarp þetta nær fram að ganga. Hvað það varðar telur Viðskiptaráð það vera í samræmi við frumvarp þetta að FME myndi tilkynna ráðherra um greiðslukerfi þessi.

Í þriðja lagi telur Viðskiptaráð að skýra þurfi hvað felst í skyldu FME til samráðs við Seðlabankann um uppgjorsreglur verðbréfamistöðva. Óljóst er hvort að samráð af þessu tagi jafngildi umsögn eða geti jafnvel falið í sér víðtækara hlutverk Seðlabankans. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til sérstaks samstarfssamnings Seðlabankans og FME er lýtur að þessu. Í þeim samningi er kveðið á um að Seðlabankinn hafi með höndum kerfislægt eftirlit sem varðar greiðslukerfin sjálf, en það nær ekki til innviða eða innra skipulags hjá einstökum þátttakendum þeirra. FME annast hins vegar m.a. eftirlit með að þátttaka eftirlitsskyldra aðila í greiðslu- og uppgjorskerfum sé í samræmi við þær reglur sem um þau kerfi gilda. Ekki verður séð með góðu móti hvort uppgjorsreglur af þessu tagi falli undir eftirlitsskyldur FME eða Seðlabankans. Til að gæta lagasamræmis og gagnsærrar stjórnsýslu er hins vegar eðlilegt að þessari samráðsskyldu FME verði breytt í umsagnarrétt Seðlabankans þannig að ljóst verði að úrskurðarvaldið sé á hendi einnar opinberrar stofnunnar.

Viðskiptaráð leggur til að 2. mgr. b. liðar 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að uppgjorsreglur verðbréfamistöðva verði háðar samþykki FME að fenginni umsögn Seðlabankans.

Í ljósi einharðrar afstöðu Seðlabankans gegn uppgjöri sem og skráningu hlutabréfa tiltekinna fyrirtækja í erlendum myntum og í ljósi hlutverks FME samkvæmt frumvarpi þessu telur Viðskiptaráð eðlilegra að FME gegni formennsku í þeirri samráðsnefnd sem kveðið er á um í 3. mgr. b. liðar 1. gr. frumvarpsins. Slíkt fyrirkomulag væri einnig í samræmi við hlutverk nefndarinnar, sem er að fjalla um samskipti verðbréfamistöðva, kauphalla og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta. Nefndarformaður sem hefur engra hagsmuna að gæta í þeim samskiptum er betur til þess fallinn að auka trúverðugleika nefndarinnar.

Viðskiptaráð leggur til að 3. mgr. b. liðar 1. mgr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að FME fari með formennsku í nefndinni.

Að lokum tekur Viðskiptaráð undir álit nefndarinnar að brýnt sé að viðskiptaráðherra efni sem fyrst til endurskoðunar á öllum íslenskum laga- og reglugerðarákvæðum sem snerta uppgjör verðbréfaviðskipta hver sem viðskiptamyntin er með það fyrir augum að samræma og einfalda slík ákvæði með tilliti til nýrra aðstæðna í viðskiptalífinu sem rekja má til tæknibreytinga og alþjóðavæðingar viðskipta á þessu sviði. Slíkar breytingar ættu m.a. að miða að því að afnema 5 ára tímamark 3. mgr. 1. gr. hlutafélaga hvað varðar hina nýju mynt sem og að afnema þá upptalningu gjaldmiðla sem 4. mgr. sama ákvæðis kveður á um og miða þar við þær myntir sem hafa skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands.

Það er afar mikilvægt að samráð verði haft við viðeigandi fyrirtæki og hagsmunasamtök í endurskoðun af þessu tagi og lýsir Viðskiptaráð sig reiðubúið að leggja sitt af mörkum í þeim efnum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til að framangreindar athugasemdir verði teknar til umfjöllunar hjá nefndinni.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs